

Vestmannaeyjar

ÁRSSKÝRSLA

SAMANTEKT UM ÁRIÐ 2024

Rekstaráætlun 2025

2024



2025

Viska Ægisgötu 2
900 Vestmannaeyjum
kt. 630103-2230



Efnisyfirlit

1. Stofnun og stofnaðilar	3
1.1 Stofnaðilar Visku	3
1.2 Stjórn og varastjórn	3
1.3 Starfsfólk	3
2. Skýrslur	4
3. Samantekt á árinu 2024	6
3.1. Styrkir og framlög 2024	6
3.2 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið - framlög	7
3.3 Samstarfsaðilar	7
3.4 Húsnæði og búnaður	7
3.5 Sí- og endurmenntun	7
4. Um fræðslustarfið / símenntun 2024	7
4.1 Námskeiðahald	8
4.2 Námskeið	8
5. Námsmenn	9
6. Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat	11
7. Samstarf og verkefni	13
7.1 Kvasir, nú Símennt, og Leikn	13
7.2 Tímabundin verkefni	13
7.3 Aðrir samstarfsaðilar	13
7.4 Vinnumálastofnun og Virk	14
7.5 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	14
7.6 Kvinnaráðstefnan Mey – kraftur kvenna á Heimaey	14
7.7 Karlaráðstefnan Skjöldur	14
8. Fjarnám á háskólastigi	14
9. Fjárhagsáætlun 2025	16

Ársskýrsla 2024

Ábyrgðarkonur Helga Björk V. Björnsdóttir, Lilja Björg Arngrímsdóttir, Minna Björk Ágústsdóttir og Sólrún Bergþórsdóttir.
Forsíða hönnuð af Magna Media

1. Stofnun og stofnaðilar

Viska var stofnuð í Vestmannaeyjum í janúar árið 2003. Markmiðið með stofnun VISKU – Fræðsla- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum var að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Einnig var Visku ætlað að hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðla framboði á því til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þessu var Visku ætlað með því að vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi og vera í fararbroddi á nýtingu á bestu fánægri fjarkennslutækni hverju sinni.

1.1 Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar, Sparisjóður Vestmannaeyja, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslustöðin, Tölvun, Eyjasýn, Skipalyftan, Drífandi stéttarfélag, VR - Vestmannaeyjadeild, Stavey - starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Verkstjórafélag Vestmannaeyja, FIT, Háskóli Íslands (Samstarfsnefnd HÍ og Vey), Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Háskólinn á Akureyri og Stjórnunarfélag Vm. (nú hlutur Þekkingarseturs Vm).

1.2 Stjórn og varastjórn

Aðalfólk	Varafólk
Helga Björk Valgerðar	Thelma Björk Gísladóttir
Björnsdóttir, formaður	Sólrún Erla Gunnarsdóttir
Lilja Björg Arngrímsdóttir, varaformaður	Guðmundur Jóhann Árnason
Unnur Sigmarsdóttir	
Davíð Guðmundsson	
Arnar G. Hjaltalín	

Endurskoðandi: Deloitte ehf.

Skóðunarmenn: Ólafur Elísson og Arnar Sigurmundsson frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 29. maí 2024.

1.3 Starfsfólk

Stöðugildi Visku voru í upphafi árs 2024 1,7 auk aðkeyptrar þjónustu frá Þekkingarsetri Vestmannaeyja og víðar, en fór upp í 2,2 um haustið. Minna Björk Ágústs dóttir forstöðukona er í fullu starfi og með henni er Sólrún Bergþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri í 70% starfshlutfalli í fjarvinnu. Tanya Rós Jósefsdóttir hóf störf sem verkefnastjóri í 50% starfshlutfalli þann 1. september 2024. Tanya sinnir einnig allri prófaumsjón og yfirsetu.

2. Skýrslur



Skýrsla stjórnar Visku 2024–2025

Inngangur

Starfsárið 2024–2025 í Visku var á margan hátt farsælt. Samvinna formanns, varaformanns og forstöðukonu hefur styrkst og skilað sér í aukinni skilvirkni í stjórnunarstörfum. Starfsemi Visku byggir áfram á traustum grunni, þar sem hefðir og fastmótað verklag gegnir mikilvægu hlutverki. Sú samfélagslega meðvitund sem starfskonur Visku hafa yfir að ráða skilar sér í að þær lesa samfélagið vel, fylgjast vel með þörfum þess og grípa tækifæri til að efla starf stofnunarinnar.

Húsnæði og aðstaða

Starfsemi Visku fer fram í Þekkingarsetrinu, þar sem skrifstofa stofnunarinnar er staðsett. Þar er einnig boðið upp á aðstöðu fyrir fjarnemendur og prófatöku. Flest námskeið og námsleiðir eru kennd í húsnæði Þekkingarsetursins, þó önnur aðstaða í bænum sé einnig nýtt eftir þörfum. Viska er stærsti leigutaki Þekkingarsetursins og greiðir fyrir húsnæði, rekstur og þjónustu í samræmi við umfang starfseminnar.

Samstarf við Þekkingarsetrið hefur verið virkt og uppbyggilegt. Stjórnarteymið hefur átt reglulegt samtal við framkvæmdarstjóra Þekkingarsetursins með það að markmiði að bæta aðstöðu fyrir Visku og styðja við áframhaldandi þróun stofnunarinnar.

Eignarhald og viðhald fasteigna

Viska er eigandi tveggja efri hæða Hvíta hússins við Strandveg 50. Hæðirnar hafa undanfarin sex ár verið leigðar til Lista- og menningarfélags Vestmannaeyja, sem hefur nýtt þær til fjölbreyttrar listsköpunar. Samstarfið hefur gengið afar vel og var nýr leigusamningur undirritaður í janúar 2025, með minni háttar breytingum á orðalagi og áherslum.

Viðhald fasteignarinnar er orðið tímabært, og hefur stjórn Visku átt í reglulegum viðræðum um framtíðarsýn og hlutverk stofnunarinnar varðandi þessa eign. Enn er engin endanleg niðurstaða komin, en ljóst er að Viska mun ekki ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir á næstunni.

Námsframboð og kennsla

Íslenskukennsla fyrir útlendinga hefur verið eitt af lykilverkefnum Visku undanfarin ár og heldur áfram að dafna. Starfið hefur gengið einstaklega vel, ekki síst fyrir tilstilli kennarans Jóhönnu Lilju Eiríksdóttur, sem hefur sýnt mikla elju og fagmennsku í starfi sínu. Stjórn Visku vill færa henni innilegar þakkir fyrir framlag sitt og leggur áherslu á að þessi starfsemi verði eflað enn frekar á komandi árum. Góð íslenskukennsla er lykilþáttur í að gera fjölmenningsamfélagið í Vestmannaeyjum aðgengilegt og öflugt.

Mannauður

Í dag starfa þrjár öflugar konur hjá Visku:

- **Minna Björk Ágústsdóttir**, forstöðukona frá janúar 2023, hefur stýrt starfsemi Visku af festu og framtakssemi. Hún hefur verið að vaxa í hlutverki sínu frá því hún tók við þar sem hún sinnir föstum verkefnum en einnig hefur hún komið mörgum nýjungum af stað sem gengið hafa einstaklega vel, má þar nefna kvennaráðstefnuna Mey og karlaráðstefnuna Skjöld.
- **Sólrún Bergþórsdóttir**, náms- og starfsráðgjafi, hefur starfað hjá Visku í yfir 15 ár þar sem hún m.a.sinnir raunfærnimati og verkefnastjórnun. Hún starfar nú í fjarvinnu frá Spáni og hefur sýnt að það er ekkert því til fyrirstöðu þar sem hún sinnir áfram öllu því góða starfi sem hún hefur gert í gegnum tíðina.
- **Tanja Rós Róbertsdóttir** hóf störf 1. september 2024 í 50% stöðu og hefur þegar sýnt mikla hæfni og framtíðarmöguleika. Vilji er hjá stjórn að auka starfshlutfall hennar í samræmi við vaxandi verkefni.

Samstarf þessa teymis hefur gengið mjög vel. Verkaskipting er skýr og framkvæmd góð, sem er alls ekki sjálfgefið í smáum stofnunum. Stjórn Visku er afar þakklát fyrir þann vilja, elju og samvinnu sem einkennir þessar öflugu konur.

Auk fastra starfsmanna sinnir Agnes Einarsdóttir, skrifstofu- og þjónustustjóri þekkingarsetursins, bókhaldi Visku í verktöku. Hún hefur veitt dýrmætan stuðning og sýnt mikla þolinmæði og nákvæmni í verkefnum tengdum bókhaldi og fjármálum Visku. Ýmsir verktakar kenna einnig í gegnum Visku og er hlutverk þeirra okkur mikilvæg en forstöðukona sér alfarið um samningagerð við alla þá aðila sem kenna hjá okkur.

Stjórnarstarf

Stjórn Visku hefur verið samstíga og virk í störfum sínum á starfsárinu. Áætlaðir voru sex fundir á tímabilinu, en fimm fundir voru haldnir. Í stjórninni sitja bæði konur og karlar með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu, sem endurspeglar stofnaðila Visku.

Það hefur fest sig í sessi að bæði stjórn og varastjórn sitji fundi saman, sem styrkir umræðu og ákvarðanatöku. Fyrsti fundur starfsársins var haldinn 29. maí 2024 og sá síðasti 18. mars

2025. Á dagskrá fastra funda eru yfirferð á fjárhagsáætlun, afgreiðsla ársreikninga og stefnumótun í starfsemi Visku.

Í september var haldinn vinnufundur þar sem helstu áskoranir og tækifæri voru rædd. Þetta var í annað sinn sem slíkur fundur fór fram, og er hann nú orðinn hluti af hefðbundnu stjórnarstarfi. Stefnt er að áframhaldandi þróun þessarar vinnu næsta haust.

Lokaorð

Við viljum að lokum færa öllum sem koma að starfi Visku – bæði í stjórn og í daglegu starfi stofnunarinnar – hjartans þakkir fyrir góð og árangursrík samskipti. Það er í krafti samstarfs og gagnkvæms trausts sem góðir hlutir gerast.

Starfsemi Visku skiptir bæjarfélagið okkar miklu máli. Mikilvægt er að við séum sýnileg í samfélaginu og að bæjarbúar upplifi Visku sem aðgengilegan og hlýlegan stað til menntunar, þekkingarleitar og samfélagslegra tengsla.

Helga Björk V. Björnsdóttir og Lilja Björg Arngrímsdóttir

23. apríl 2025

3. Samantekt á árinu 2024

3.1. Styrkir og framlög 2024

Á fjárlögum fyrir árið 2024 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja úthlutað styrkjum til reksturs, þjónustu við háskólanema, og til ýmissa fræðsluverkefna, eins og kennslu námsskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sjá nánar í töflu 1.

Framlag frá	Verkefni	Styrkuppphæð
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	Rekstur Visku og þjónusta við háskólanám	28.000.000
Fræðslusjóður	Náms- og starfsráðgjöf	3.760.000
Fræðslusjóður	Raunfærnimat	6.117.000
Fræðslusjóður	Raunfærnimat yfirfærsla frá 2023	
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir	8.450.000
Fjölmennt	Námskeið fyrir einstaklinga m/fötlun	1.500.000
Fræðslusjóður	Viðbótarúthlutun og Færni á vinnumarkaði	4.350.000
Samtals:		

Tafla 1. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Visku árið 2024

3.2 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið - framlög

Á fjárlögum 2024 fékk Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja samtals 28. millj. kr, samkvæmt samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var í desember 2015 og síðan árlega framlengdur. Í samningnum segir um megin markmið, að Viska mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð í Vestmannaeyjum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Viska skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Viska bjóði að auki upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem þörf er á. Þjónusta vegna háskólanáms er metin sem 25% af starfseminni. Miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“¹

3.3 Samstarfsaðilar

Viska hefur átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði s.s. stéttarfélögin í Vestmannaeyjum, Landsmennt, Sveitamenn, Sjómennt og Ríkismennt, svo einhverjir séu nefndir. Reynt er að haga málum þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga sem hafa sótt námskeið hjá Visku að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á.

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp. Má þar nefna Vinnumálastofnun á Selfossi, Fræðslunet Suðurlands, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Fjölmenn, Vestmannaeyjabæ, Virk, Vinnuverndarnámskeið ehf og Vinnueftirlitið.

3.4 Húsnæði og búnaður

Viska hefur frá janúar 2018 aðsetur í Þekkingarsetri Vestmannaeyja að Ægisgötu 2. Þar hefur Viska rúmgóða skrifstofu með tveimur vinnustöðvum auk setustofu. Auk þess aðgang að tvískiptum kennslusal og fjórum minni fundarýmum sem Viska deilir með öðrum stofnunum í húsinu. Þá hefur Viska mjög góða aðstöðu fyrir fjarnema á hæðinni.

3.5 Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald árið 2024 var með besta móti allt árið. Mjög góð aðsókn var í þau námskeið og námsleiðir sem voru í boði.

4. Um fræðslustarfið / símenntun 2024

Árið 2024 auglýsti Viska bæði á samfélagsmiðlum og heimasíðu fræðslumiðstöðvarinnar. Einnig auglýsti Viska í bæjarmiðlunum Eyjafréttum og Tígli.

Í þessum kafla eru myndrænar lýsingar á fjölda námskeiða, námsleiða og námsmanna 2024 samanborið við árin þar á undan.


4.1 Námskeiðahald

Námskeiðahald árið 2024 var mjög gott og afar vel sótt. Mikil aðsókn var í íslenskunámskeið fyrir útlendinga sem sýnir þörfina á slíku námi. Fjölbreytt úrval var af tómstundanámskeiðum sem Eyjamenn eru duglegir að sækja og gerir starfið fjölbreytt og skemmtilegt. Einnig fór sú nýjung af stað hjá Visku að vera með Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk á landsvísu sem var alfarið í fjarkennslu. Til viðbótar var haldin karlaráðstefnan Skjöldur í fyrsta sinn. Markmið hennar eru í sama anda og kvennaráðstefnan Mey sem Viska hefur nú haldið þrisvar sinnum. Karlaráðstefnan tókst mjög vel og er stefnt að því að bjóða upp á hana aftur að ári.


4.2 Námskeið

Árið 2024 voru haldin 32 ýmiskonar námskeið; fimm íslenskunámskeið, fjórar námsleiðir, þar af tvær íslensku námsleiðir fyrir innflytjendur, og sjö tómstundanámskeið. Sjálfstyrkingar- og starfstengd námskeið voru þrettán. Á mynd eitt má sjá þróun fjölda námskeiða/leiða frá upphafi. Mynd eitt sýnir fjölda þátttakenda á námskeiðum og mynd tvö sýnir hvaða námskeiðsflokkar voru haldnir.

Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2024 - vor 2025




Mynd 2. Fjöldi námskeiða á árinu 2024 eftir námskeiðsflokkum



5. Námsmenn

Eins og sjá má á mynd þrjú um þróun nemendastunda, þá hefur fjöldi þeirra verið nokkuð breytilegur milli ára. Námskeiðsstundirnar (kennslustundir) á árinu 2024 eru 1.110, sem að er mjög líkt árinu á undan. Nemendastundirnar 2024 eru 19.934 alls.

Mynd 3. Þróun nemendastunda á árunum 2004 - 2024




Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kennslustunda á sama námskeiði.

Flestar nemendastundir eru kenndar í flokknum *námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og íslenskunámskeiðum*. Það er eðlilegt í ljósi þess að þær námsleiðir eru jafnan lengstu kenndu námskeiðin í miðstöðvunum hverju sinni.


Að vanda látum við hér fylgja með mynd af kynjahlutfalli á námskeiðunum, sjá mynd fjögur hér fyrir neðan. Á árinu 2024 voru konur í afgerandi meirihluta, þ.e. 769 konur af 1105 nemendum. Það skýrist að töluverðu leyti vegna kvennaráðstefnunnar Mey sem haldin var í apríl á því ári.

Myndir 4. Kynjaskipting á námskeiðum 2003 - 2024



Árið 2024 voru námsmenn á námskeiðum hjá Visku 1.105 að tölu, og er það veruleg fjölgun frá árinu á undan, sjá mynd fimm hér fyrir neðan. Á vorönn 2025 eru nemendurnir orðnir 608 talsins.

Mynd 5 sýnir fjölda námsmanna frá upphafi.



6. Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat


6.1 Ráðgjöfin

Náms- og starfsráðgjöfin hjá Visku árið 2024 tengdist að mestu leyti raunfærnimatinu í skipstjórn. Um 70% ráðgjafarinnar var vinna við þessi verkefni. Ráðgjöfin í raunfærnimatinu er alfarið rafræn. Undirbúningur fyrir matsviðtölin fór fram í gegnum síma og tölvupóst og einstaka sinnum í gegnum Teams. Matsviðtölin fóru öll fram í gegnum Teams og voru þátttakendur meira eða minna heima hjá sér í viðtölum.

Almenn náms- og starfsráðgjöf fólst mikið í að veita upplýsingar um ýmis konar nám, áhugasviðsgreiningar, ferilskrágerð og persónulegan stuðning vegna ýmissa hindrana og var hún 30% ráðgjafar ársins. Samtals voru tekin 178 viðtöl á árinu 2024, þar af var 78% viðtala við ráðþega í markhópi fullorðinsfræðslunnar. Ráðgjöfin fór svo til öll fram í gegnum rafræna miðla, þ.e. Teams, síma og tölvupóst. Ráðgjöfin er auglýst á vefsíðu Visku og vefmiðlum. Einnig var ráðgjöfin kynnt á námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga.

Enn og aftur voru áberandi fleiri karlar sem sóttu ráðgjöf hjá Visku og helgast það að miklu leyti af raunfærnimati í skipstjórn, en fjöldi viðtala með körlum var 125, eða um 70%. Fjöldi viðtala við konur var 53, eða um 30%. Um helmingur ráðþega mætti í fleiri en eitt viðtal. Þegar um er að ræða áhugasviðsgreiningar er fjöldi viðtala oft tvö til þrjú. Í raunfærnimatinu fer þátttakandi í gegnum ákveðið ferli sem náms- og starfsráðgjafi leiðir og styður þá í gegnum, og eru það þá milli þrjú til sex viðtöl á hvern.

Mynd 6 . Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá Visku frá upphafi ráðgjafabjónustunnar.



6.2 Raunfærnimat

Raunfærnimat var í gangi í skipstjórn á landsvísu og í iðngreinum í samstarfi við lðuna. Þátttakenda var aflað í gegnum auglýsingar, bæði í blöðum og á fésbókinni, einnig hafa skólar, vinnustaðir og fyrrum þátttakendur vísað fólki á raunfærnimatið.

6.3 Raunfærnimatið í skipstjórn


Eins og áður var raunfærnimatið í skipstjórn í boði yfir allt árið. Það voru 47 sem sóttu um og 27 sem hófu ferlið og luku því. Allt voru þetta karlmenn og var meðalaldur þeirra 41 ár, yngstur var 26 ára og elstur var 60 ára. Hluti þátttakenda frestaði matinu fram á næsta ár vegna anna, en aðrir duttu út án sérstakra ástæðna og reyndist erfitt að ná sambandi við þá. Raunfærnimatið er þátttakendum í markhópi að kostnaðarlausu, en aðrir þurfa að greiða fyrir það. Þátttakendur utan markhóps voru átta. Viðkomandi þarf að greiða nokkuð háa upphæð fyrir matið, en stéttarfélög hafa styrkt þá.

Forsenda þess að geta haldið raunfærnimatinu í skipstjórn gangandi fyrir starfandi sjómenn er að bjóða upp á það jafnt og þétt yfir árið. Til þess að það sé gerlegt verða matsaðilarnir að vera mjög sveigjanlegir með tíma og höfum við verið einstaklega heppin hvað það varðar. Matsaðilarnir í skipstjórnamatinu eru þrír og eru þeir allir staðsettir í Vestmannaeyjum. Matsviðtölin fóru öll fram í gegnum Microsoft Teams og gekk það mjög vel. Meira að segja bæta þátttakendur net í gegnum búnaðinn með prýði. Gott samstarf við símenntunarmiðstöðvar í kringum landið er mikilvægt og hefur það gengið mjög vel. Hins vegar í kjölfar Covid hefur allt raunfærnimatsferlið orðið rafrænt þar sem að aðkoma annarra símenntunarmiðstöðva hefur minnkað töluvert. Þessi tækniþróun hefur aukið enn á sveigjanleikann í ferlinu og er því komið til að vera.

6.4 Raunfærnimat í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar

Viska er í samstarfi við lðuna fræðslusetur í raunfærnimati í iðngreinum. Það hafa orðið breytingar á fyrirkomulagi ferlisins í raunfærnimatinu í iðngreinum sem gerir það að verkum að samstarfið við lðuna hefur minnkað töluvert. Á þessu ári lauk engin á okkar vegum mati í iðngreinum.


Mynd 7 . Þróun raunfærnimats í skipstjórn hjá Visku frá upphafi



7. Samstarf og verkefni

7.1 Kvasir, nú Símennt, og Leikn

Viska er aðili að Símennt, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær þétttriðið net hringinn í kringum landið, sjá mynd 8 hér fyrir neðan.



Í stjórn Símenntar 2024 voru: Guðjónína Sæmundsdóttir hjá Miðstöð símenntunar á Suðurlandi formaður, Sædis María Jónatansdóttir hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða gjaldkeri og Ásdís Helga Bjarnadóttir ritari.

Mynd 8. Fræðslu- og

símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík.

Forstöðumenn innan Símenntar funduðu reglulega á árinu auk hefðbundinna vor- og haustfunda. Vorfundurinn var haldinn á Selfossi hjá Fræðsluneti Suðurlands. Haustfundurinn var haldinn í september á Ísafirði hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Heimasíða Símenntar er: www.simennt.is.

Viska er aðili að Leikn, en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar starfsárið 2024-2025 var Helen Gray, lðan fræðsusetur og varaformaður var Guðrún Vala Elísdóttir, Símenntun Vesturlands. Auk þeirra eru í stjórn Leiknar, Þórunn Grétarsdóttir ritari, Mímir Símenntun, Vigdís Þyrí Ásmundsdóttir gjaldkeri, Framvegis, Björn Garðarson meðstjórnandi, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Kjartan Jónsson, Múltíkúltí-íslenska og Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, ASÍ. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

7.2 Tímabundin verkefni

Viska leigir Lista- og menningarfélagi Vestmannaeyja báðar efri hæðir í Hvíta Húsinu að Strandvegi 50. Þar fer fram fjölbreytt starfsemi og þó að Viska komi ekki að starfseminni sem slíkri, þá er hér um óbeint samstarfsverkefni að ræða. Myndlistar- og handverksnámskeið voru haldin þar í samstarfi við félagið á haustönn 2024.

7.3 Aðrir samstarfsaðilar

Viska var í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Leiðbeinendur á námskeiðum og námsleiðum Visku komu frá Fisktækniskólanum, Grunnskóla Vestmannaeyja, Tónlistarskóla Vestmannaeyja og víðar. Einnig er Viska í samstarfi við Skipstjórnarskólann varðandi raunfærnimatið í skipstjórn.

7.4 Vinnumálastofnun og Virk

Viska og Vinnumálastofnun á Suðurlandi voru í samstarfi á árinu um námskeið og námsleiðir. Einnig var Viska í samstarfi við Virk starfsendurhæfingarsjóð, sem kaupir reglubundið úrræði af Visku fyrir skjólstæðinga sína í formi námskeiða og ráðgjafar.

7.5 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Viska undirritaði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006 um samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Í samningnum fólst að veita fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun tækifæri til að mennta sig og þannig bæta stöðu á vinnumarkaði. Samstarfið hefur orðið þess valdandi að Visku hefur verið gert kleift að bjóða upp á nám fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem kostnaður við námið hefur verið niðurgreiddur af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, nú Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Einnig er gerður árlega samningur um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og raunfærnimat.

7.6 Kvinnaráðstefnan Mey – kraftur kvenna á Heimaey

Kvinnaráðstefnan Mey var haldin í annað sinn í apríl 2024. Verkefnið fékk styrk frá Vestmannaeyjabæ, Herjólf, Póley, Litlu skvísúbúðinni, Vífilfell og Heildverslun Karl Kristmanns. Vestmannaeyjabær gerði þriggja ára samning við Visku um áframhaldandi samstarf og styrk til verkefnisins. Markmið með ráðstefnunni er að gleðja, styrkja og valdefla konur með fræðandi erindum og metnaðarfullri dagskrá.


7.7 Karlaráðstefnan Skjöldur

Karlaráðstefnan Skjöldur var haldin í fyrsta sinn í október 2024. Vel tókst til og fóru bæði væntingar og þátttaka fram úr björtustu vonum. Vestmannaeyjabær studdi vel við verkefnið á sama hátt og gert hefur verið fyrir MEY. Einnig var ráðstefnan styrkt af Hótel Vestmanneyjum, Brothers brewery og Hárstofu Viktors rakara. Skjöldur verður haldinn aftur í október 2025 og eru vonir um að gera viðburðinn árlegann.

8. Fjarnám á háskólastigi

Nenum í grunnnámi á háskólastigi hefur nú fjölgað aftur jafnt og þétt. Flestir eru fjarnemar frá Háskólanum á Akureyri. Aðrir háskólar eiga líka nema í fjarnámi, þá fyrst og fremst frá Háskóla Íslands, en svo dreifast nemar á aðra skóla. Fjarnám breytist eðlilega og um þessar mundir fer það að mestu fram í tölvu hvers og eins. Fjarnemar sem notfæra sér aðstöðu í Visku hefur fjölgað jafnt og þétt á árinu sem var eitt af markmiðum ársins. Á mynd 9 hér fyrir neðan má sjá þróun próftöku hjá Visku í gegnum árin.

Mynd 9. Þróun próftöku hjá Visku 2009 - 2024



9. Fjárhagsáætlun 2025

Tekjur:	Fjárhags- áætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
Rekstrarframlag á fjárlögum	28,000,000	28,600,000
Samningur FA -vottaðar námsleiðir	8,450,000	10,500,000
Samningur FA -náms/starfsráðgjöf	3,760,000	3,340,000
Samningur FA -raunfærnimat	6,117,000	7,150,000
Samningur Fjölmennit -námskeið	1,500,000	1,500,000
Aðstöðugjald vegna fjarnema og próftökur	1,000,000	1,000,000
Rannís -íslenskukennsla fyrir útlendinga	3,000,000	2,800,000
Aðrar tekjur -innheimta ofl.	1,200,000	1,300,000
Húsaleigutekjur -Strandvegur 50	6,300,000	7,200,000
Námskeið, námsleiðir	8,000,000	8,400,000
Aðrar tekjur -raunf.mat,styrkir,prófgjöld,aðstaða	400,000	500,000
Tekjur án fjármagnstekna	67,727,000	72,290,000
Fjármagnstekjur -nettó	3,600,000	2,800,000
Samtals áætlaðar tekjur	71,327,000	75,090,000

Gjöld:	Fjárhags- áætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
Kennsla/fyrirlestrar og annar kostn.námskeiða	12,500,000	13,000,000
Laun og launatengd gjöld	31,000,000	32,200,000
Húsaleiga og rekstrarkostnaður Ægisgata 2	10,500,000	10,900,000
Rekstur húsn.,sameiginleg og sér þjónusta		
Gjaldfærð áhöld og tæki	1,000,000	1,200,000
Rekstur áhalda, tækja, upplýsingakerfa	3,000,000	3,000,000
Skrifstofukostnaður, sími, prentun ofl.	1,000,000	1,000,000
Endurskoðun, ráðgjöf ofl.	2,200,000	2,290,000
Verktakaþjónusta PSV	3,800,000	3,950,000
Annar stjórnunarkostnaður	2,000,000	2,000,000
Útvarpsgjald -skattur	21,000	21,400
Námsleiðir, námskeið, raunfærnimat		
Strandvegur 50 -fast.gj.,leiga,rekstur,viðhald	4,200,000	4,370,000
Samtals áætluð gjöld	71,221,000	73,931,400

Áætluð afkoma fyrir afskriftir, hagnaður -tap	106,000	1,158,600
Afskriftir fasteigna,tækja og búnaðar	1,400,000	1,500,000
Áætluð afkoma eftir afskriftir, hagnaður -tap	-1,294,000	-341,400

10. Tækja- og eignalisti

Frá 2003 uppfærður 03.05.2023

Tæki/áhöld	Staðsetning
Skjalavarpi	Geymslu að Ægisdötu 2

Pappírstættari	Þjónustufulltrúi að Ægisdötu 2
----------------	--------------------------------

10 borð	Miðklettur Fiskiðju
---------	---------------------

Silver line plöstunarmél	Þjónustufulltrúi að Ægisdötu 2
Auglýsingastandur	Ægisdötu 2
Olympus E410 myndavél	Skrifstofa Visku
Dell XPS M 1330 fartölva - rauð	Skrifstofa Visku

HDX 8004 XLP fjarfundabúnaður	Þjónustufulltrúi að Ægisdötu 2
-------------------------------	--------------------------------

2011

2 Scott útvörp	Ægisdötu 2
----------------	------------

2012

Fjarfundabúnaður Polycom QDX 6000	Hákollum Ægisdötu 2
Gjallarhorn SHO-ME	Geymslu á Ægisdötu 2

2013

Sony Sjónvarp	Hákollum Ægisdötu 2
---------------	---------------------

2014

Vantar	Geymslu Ægisdötu 2
--------	--------------------

2015

Bestá skápar frá Ikea	Á dekkinu og á rannsóknargangi á Ægisdötu 2
Fatahengi frá Pennanum	Kennslusalir Ægisdötu 2
70 stólar frá Pennanum eignfærðir	Kennslusalir Ægisdötu 2
20 borð frá AJ- eignfærð	Kennslusalir Ægisdötu 2
Tússtafla	Kennslusalir Ægisdötu 2
Skjávarpi	Kennslusalir Ægisdötu 2
Hljómflutningstæki	Kennslusalir Ægisdötu 2
Dolche Gusto kaffivél	Strandvegi 50 hjá lista- og menningarhópi
Billy skápur frá Ikea	Skrifstofa Visku
Tvö háborð	Kennslusalir Ægisdötu 2
Tölva-brix	Hákollum Ægisdötu 2

2016

3 stk Acer spjaldtölvur	Skrifstofa Visku
Skjalaskápur úr Ikea	Opnu rými við prentara á Ægisgötu 2
Kallax hillur á hjólum hvít og svört	Hvíta í lesstofu, svarta í geymslu á Ægisgötu 2
Skápahirslur frá Ikea	Við prentara á Ægisgötu 2
30 stólar frá Pennanum-eignfærðir	Heimaklettur Ægisgötu 2
2 eldhúseyjar frá Ikea	Lesstofa og matsal Ægisgötu
Skáphirsla frá Ikea	Við matsal á Ægisgötu 2
Bose hátalari	Neðri Kleifar Ægisgötu 2
Vefmyndavél	Hákollar Ægisgötu 2
Ræstivagn	Í notkun Ægisgötu 2

2017

9 Lenovotölvur	Læstum tölvuskáp í geymslu Ægisgötu 2
Brix	Efri Kleifar Ægisgötu 2
Porsche flakkari	Skrifstofu Visku
Nitro harddrive, backupgeymsla	Skrifstofu Visku
Crestron air media	Skrifstofu Visku

2018

2 Turnskápar	Skrifstofa Visku
2 Rafknúin skrifborð	Skrifstofa Visku
Bókahillur og skápar	Skrifstofa Visku
Sófi og 2 stólar	Skrifstofa Visku
Sófaborð	Skrifstofa Visku
Standlampi	Skrifstofa Visku
Brix	Heimaklettur
Brix	Neðri Kleifar Ægisgötu 2
20 Borð og 15 stólar eignfærð	Lesstofa Ægisgötu 2
Fatahengi frá Pennanum	Heimaklettur
2 Dell skjáir	Skrifstofa Visku
Hleðsluskápur fyrir fartölvur	Rannsóknargangi í Fiskiðju
Hilla á hjólum	Skrifstofa Visku
Bose heyrnartól	Skrifstofa Visku
Air pods	Skrifstofa Visku

2019

2 HP elitebook fartölvur	Hjá SB og VG
2 HP tölvuport	Skrifstofa Visku
Rakataeki	Skrifstofa Visku
Canon prentari	Skrifstofa Visku
3 stólastandar	Kennslusalir Ægisgötu 2

2020

Tölvuskjái 2 stk. til heimavinnu		Hjá SB og VG
Lyklaborð 2 stk. til heimavinnu		Hjá SB og VG

2021

2 Jabra link 370 headset	Hjá SB og VG
Nespresso kaffivél	Skrifstofa Visku
HP Elitebook fartölva	Skrifstofa Visku
Skjalaskápur	Við stigagang austan megin á annrri hæð

2022

Jabra Elite active 75t headset	Skrifstofa Visku
Vefmyndavél	Skrifstofa Visku (Sólrún starfsstöð)
2 vefmyndavélaljós	Skrifstofa Visku (Sólrún starfsstöð)

2023

HP Elitebook fartölva	Skrifstofa Visku (Sólrún starfsstöð)
-----------------------	--------------------------------------